

Fimmtudaginn 26. janúar 1995.

Nr. 233/1993.

Elvar Hallgrímsson
Davíð Guðmundsson og
Jón Elíasson

(Kjartan Reynir Ólafsson hrl.)
gegn

Varmabyggð hf.

(Friðjón Örn Friðjónsson hrl.)

Víxilmál.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson og Gunnlaugur Claessen og Gunnar M. Guðmundsson, fyrrverandi hæstaréttardómari.

Áfrýjendur skutu málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1993. Þeir krefjast sýknu af kröfum stefnda og málskostnaðar úr hans hendi í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar hins áfrýjaða dóms og að stefndu verði dæmdir til að greiða sér málskostnað fyrir Hæstarétti.

Svo sem fram kemur í hinum áfrýjaða dómi, er greiðslustaður á umræddum víxli „Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis“. Telst þetta fullnægjandi tilgreining á greiðslustað víxils samkvæmt 5. tl. 1. gr. víxillaga nr. 93/1933. Samkvæmt því ber að staðfesta niðurstöðu hins áfrýjaða dóms.

Rétt er, að áfrýjendur greiði stefnda 100.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Það athugast, að rétt hefði verið að dæma dráttarvexti af víxilfjárhæðinni frá sýningardegi víxilsins 2. desember 1991, en þar sem málinu var ekki gagnáfrýjað, verður ákvörðun héraðsdómara um upphafstíma dráttarvaxta að standa óhögguð.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Áfrýjendur, Elvar Hallgrímsson, Davíð Guðmundsson og Jón Elíasson, greiði stefnda, Varmabyggð hf., 100.000 kr. í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 27. maí 1993.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, höfðaði Varmabyggð hf., kt. 560872-0389, Áshamri, Mosfellsbæ, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnu, birtri 30. des. 1991, gegn Ingu Margréti Guðmundsdóttur, kt. 180260-4129, Hverafold 126, Reykjavík, Davíð Guðmundssyni, kt. 150464-5369, Sogavegi 105, Reykjavík, Jóni Elíassyni, kt. 271050-2679, Þjóðólfsvegi 3, Bolungarvík og Elvari Hallgrímssyni, kt. 040659-3749, Hverafold 126, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru, að stefndu verði gert að greiða stefnanda skuld, að fjárhæð 356.000 kr., með [nánar tilgreindum vöxtum og málskostnaði].

Stefndu Davíð Guðmundsson, Jón Elíasson og Elvar Hallgrímsson krefjast sýknu af öllum kröfum stefnanda og málskostnaðar úr hans hendi [...].

Við munnlegan málf lutning var því lýst yfir af hálfu stefndu Ingu Guðmundsdóttur, að kröfur um greiðslu á víxilskuld, að fjárhæð 356.000 kr., með dráttarvöxtum frá 16. janúar 1992 væru samþykktar og málskostnaður félli niður.

Málavextir og málsástæður stefnanda.

Mál þetta höfðar stefnandi til heimtu skuldar samkvæmt víxli, að fjárhæð 356.000 kr., út gefnum 20. sept. 1991 af stefnda Davíð Guðmundssyni, samþykktum til greiðslu við sýningu af stefndu, Ingu M. Guðmundsdóttur, í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis. Víxillinn er án afsagnar, áritaður um framsal útgefanda og ábektur af stefndu Jóni Elíassyni og Elvari Hallgrímssyni. Að undangenginni tilkynningu um sýningu víxilsins og áskorun um greiðslu var víxillinn sýndur til greiðslu 2. des. 1991 og afsagður af notarius publicus í Reykjavík.

Stefnandi vísar til laga nr. 93/1933, laga nr. 85/1936, einkum 3. mgr. 175. gr., 1. mgr. 177. gr., XVII. og XX. kafla, sbr. 2. gr. laga nr. 52/1937, og lög nr. 54/1988, einkum 21. og 26. gr., 1. mgr. 9. gr., 10. gr., 12. gr. og 2. mgr. 14. gr. laga nr. 25/1987, sbr. 1. mgr. 4. gr., og 5. gr. laga nr. 67/1989 og auglýsingu Seðlabanka Íslands um vexti.

Í stefnu er tekið fram, að hlutafélagið Varmabyggð hf. reki fasteignamiðlunina Berg, Skúlatúni 6, Reykjavík, og stjórnarformaður félagsins sé Sæberg Þórðarson.

Af hálfu stefnanda er því haldið fram, að greiðslustaður víxilsins sé nægjanlega tilgreindur Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis. Verði talið, að greiðslustaður sé ekki nægjanlega tilgreindur, teljist sá staður, sem tilgreindur er við nafn greiðanda, stefndu Ingu Margrétar Guðmundsdóttur, þ. e. Reykjavík, vera greiðslustaður víxilsins, sbr. 3. mgr. 2. gr. laga nr. 93/1933. Af þessu leiði það, að sýning notarii publici í Reykjavík á víxlinum í

afgreiðslu Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis í Reykjavík hafi verið fullnægjandi og lögum samkvæmt.

Hinn 8. nóvember 1991 hafi verið beint áskorun til greiðanda víxilsins sérstaklega um greiðslu hans, sbr. fram lagt bréf stefnanda, sem áritað sé um móttöku af greiðanda. Víxillinn sé áritaður „án afsagnar“, og sé því lögum samkvæmt ekki skylt að viðhafa formlega afsagnargerð.

Málsástæður stefndu.

Sýknukröfur stefndu eru á því reistar, að víxill sá, sem stefnt er til greiðslu á í málinu, sé víxill með gjalddaga við sýningu, en vistun hans sé óljós, þar sem segir: „Víxillinn greiðist í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis“. Þessi sparisjóður sé til húsa á fimm stöðum.

Í afsagnargjörð komi ekki fram, í hvaða afgreiðslu sparisjóðsins víxillinn hafi verið sýndur. Með því, hve vistunin sé óljós, hafi borið að sýna víxillinn á heimili greiðanda (samþykkjanda), en það hafi ekki verið gert, og séu því allar kröfur samkvæmt víxli þessum á hendur stefndu niður fallnar fyrir vangeymslu. Beri því að sýkna stefndu af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Niðurstaða.

Víxillinn, sem málið er af risið, er lögformlegur sýningarvíxill. Eins og að framan hefur verið rakið, er víxillinn út gefinn 20. sept. 1991, samþykktur af greiðanda, stefndu Ingu Guðmundsdóttur, til greiðslu í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis við sýningu. Víxillinn er áritaður af útgefanda, stefnda Davíð Guðmundssyni, án afsagnar og ábektur af útgefanda og stefndu Jóni Elíassyni og Elvari Hallgrímssyni án afsagnar.

EKKI er greiðslustaður víxilsins nánar tiltekinn en að framan greinir. Sparisjóður Reykjavíkur og nágrennis hefur aðalstöðvar að Skólavörðustíg 11, Reykjavík. Útibú sparisjóðsins eru fjögur, þrjú í Reykjavík og eitt á Sel-tjarnarnesi. Í viðfestri afsagnargerð segir, að víxillinn hafi verið afsagður 21. desember 1991 í afgreiðslu Spron án nánari skilgreiningar. Verður því ekki fullyrt, hvar víxillinn var afsagður, enda þótt ekki sé ólíklegt, að það hafi verið í aðalstöðvum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Samkvæmt skjölum málsins var stefndu Ingu, Davíð og Jóni tilkynnt með bréfi, dags. 25. nóv. 1991, um væntanlega sýningu víxilsins 2. des. 1991 á greiðslustað í Sparisjóði Reykjavíkur og nágrennis, hér einnig án nánari staðsetningar. Áður hafði stefndu Ingu verið tilkynnt með bréfi, dags. 8. nóv. 1991, að víxillinn hefði verið gjaldfelldur, og bæri að greiða hann eigi síðar en 15. nóv. 1991. Stefnda Inga áritaði það bréf um móttöku. Hinn 26. nóv. 1991 var öllum stefndu sent innheimtubríf lögmanns stefnanda, þar sem skorað var á stefndu að greiða víxilfjárhæðina ásamt bankakostnaði og

vöxtum. Máttu stefndu því ljóst vera, að víxilhafi ætlaðist til þess, að víxillinn yrði greiddur ekki síðar en 2. des. 1991. Hvorki buðu stefndu fram greiðslu við eiganda víxilsins né geymslugreiddu víxilfjárhæðina í einhverri af starfsstöðvum Sparisjóðs Reykjavíkur og nágrennis.

Þegar til þess er litið, sem hér hefur verið rakið um óljósa skilgreiningu á greiðslustað víxilsins og afsagnarstað, þykir bera að leggja til grundvallar við niðurstöðu málsins, að ósannað sé, að víxillinn, sem var, eins og að framan hefur verið rakið, gefinn út án afsagnar, hafi verið sýndur, fyrr en hann var lagður fram við þingfestingu málsins 16. janúar 1992. Sú sýning fór fram innan tilskilins sýningarfrests skv. 34. gr. laga nr. 93/1933, og ber því að dæma stefndu til greiðslu víxilfjárhæðarinnar með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 16. janúar 1992 til greiðsludags.

Málskostnaður telst hæfilega ákveðinn 97.000 kr.

Auður Þorbergsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndu, Inga Margrét Guðmundsdóttir, Davíð Guðmundsson, Jón Elíasson og Elvar Hallgrímsson, greiði stefnanda, Varmabyggð hf., 356.000 kr. með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla laga nr. 25/1987 frá 16. janúar 1992 til greiðsludags og 97.000 kr. í málskostnað.
